

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2021
UST202103-063/EBSH
04.04

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma, þingskjal 312 – 279. mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis nr. 11475, dags. 2. mars 2021, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma, 279. mál.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar eru eftirfarandi:

Með þingsályktunartillögunni er stefnt að því að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að útbúa tillögur um heimild til tímabundinna og skilyrtra veiða á eftirfarandi tegundum fugla, utan hefðbundins veiðitíma þeirra: annarvegjar: a) álf, grágæs, heiðagæs og helsingja á kornökum og túnnum frá 15. mars til 15. júní, og hinsvegar b) álf á kornökum frá 1. maí til 1. október og eiga leyfin að vera veitt á þeim svæðum þar sem þörf er talin á aðgerðum vegna ágangs fugla á tún og kornakra. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra geri einnig áætlun um að tryggja vernd stofnanna og greini Alþingi frá tillögum sínum eigi síðar en 1. apríl 2021.

Umhverfisstofnun bendir á að nýverið var lagt fram frumvarp til laga um vernd, velferð og veiði á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. [þingskjal 460 – 368. mál](#).

Ein af megin breytingum frumvarpsins, frá núgildandi lögum, er sú að mælt er fyrir um gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir allar tegundir eða stofna villtra fugla og villtra spendýra og gert ráð fyrir að slíkar áætlanir verði helsti grundvöllur allrar ákvörðunartöku er varðar viðkomandi tegundir.

Samkvæmt frumvarpinu ber Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun, sameiginlega, að vinna slíka áætlun fyrir hverja tegund en það felur í sér að lagt sé mat á stofnstærð, stofnþróun, útbreiðslu, viðkomu, flokkun á valista, veiðipóli og ákjósanlegri verndarstöðu tegundarinnar eða stofns sem og breytingar þar á. Einnig skulu gerðar tillögur um hvernig standa skuli að nýtingu eða veiði tegundarinnar eftir því sem við á og ennfremur að setja fram tillögur um aðgerðir til að bregðast við tjóni. Við gerð slíkra áætlana skal haft samráð við aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að stjórnunar- og verndaráætlanir séu endurskoðaðar á fimm ára fresti en tilgangurinn er að tryggja að hægt sé að bregðast við breytingum á ástandi tegunda og stofna á sveigjanlegan hátt sem og að allar ákvarðanir um viðkomandi tegund/stofn séu byggðar á haldbærum, faglegum og vísindalegum upplýsingum hverju sinni.

Hvað varðar fyrirsjáanlegt tjón á tünnum bænda á tilteknu svæði vegna óvenju mikils ágangs gæsa eða álfta er gert ráð fyrir því að í stjórnunar- og verndaráætlunum sé reynt að sjá fyrir slíkar aðstæður og mælir frumvarpið fyrir um heimildir Umhverfisstofnunar til að veita takmarkaðar, tímabundnar og skilyrtar heimildir frá friðunarákvæðum og heimila veiðar á tiltekinni tegund villtra fugla. Skilyrði þessa eru m.a. þau að viðkomandi tegund njóti ekki aukinnar eða sértækrar friðunar, að sýnt sé fram á raunverulega og skilgreinda hættu á tjóni af völdum viðkomandi tegundar í ákveðnum tilvikum, á ákveðnum stöðum eða svæðum, sem og að undanþágan sé í samræmi við samþykktu stjórnunar- og verndaráætlun um hlutaðeigandi tegund.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að ákvarðanir um tegundir og stofna villtra fugla byggji á haldbærum, faglegum og vísindalegum upplýsingum og telur það fyrirkomulag sem kynnt er í frumvarpinu, þ.e. að unnar séu stjórnunar- og verndaráætlanir, sé vænlegt til árangurs. Stofnunin telur framlagða þingsályktunartillögu, um leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma, ekki vera í samræmi við frumvarpið.

Ennfremur er sá tímafrestur sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, til að gera tillögur og útbúa áætlun, of knappur að mati stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Eva B. Sólán Hannesdóttir
lögfræðingur

Bjarni Pálsson
teymisstjóri